

NOTKUNARLEIÐ- BEININGAR



Zpower[®]

ENDURHLAÐANLEGUR búnaður fyrir heyrnartæki





Ábyrgð

Hafðu samband við söluaðila heyrnartækis eða framleiðanda þess til að fá upplýsingar um ábyrgð.







Fyrirhuguð notkun

Fyrirhuguð notkun endurhlaðanlegs búnaðar ZPower er að umbreyta heyrnartækjum þínum í endurhlaðanleg heyrnartæki sem eru samhæf silfur-sink endurhlaðanlegum rafhlöðum ZPower.

Samhæfi

Endurhlaðanlegur búnaður ZPower er fánlegur í mörgum gerðum, hver þeirra er hönnuð fyrir tiltekinn hóp heyrnartækja. Vinsamlegast farðu inn á www.zpowerhearing.com en þar er að finna ítarlegan lista yfir samhæfar gerðir.

Útskýring á táknum

Tákn	Útskýring
	Mikilvægt er að lesa notandahandbókina.
	Sýnir tegundarnúmer vörunnar.
	Sýnir innihald pakkningar.
	Bendir á aðstæður sem gætu leitt til alvarlegrar, í meðallagi eða minniháttar meiðsla eða gæti skemmt búnaðinn þinn.
	Ráð og ábendingar um hvernig tækið þitt er notað á réttan hátt og hvernig á að forðast að skemma búnaðinn þinn.
	Með CE-merkingu staðfestir ZPower að þessi búnaður og einstakir íhlutir uppfylli kröfur tilskipunar 93/42/EBE um lækningatæki, RoHS-tilskipun 2002/95/EB, tilskipun 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður. Tölurnar eftir CE-merkinguna svara til kóða vottaðrar stofnunar sem samráð var haft við varðandi ofangreindar tilskipanir.

Útskýring á táknum



Innan Evrópusambandsins fellur merktur búnaður undir tilskipun 2012/19/EB um raf- og rafeindarbúnaðarúrgang og RoHS-tilskipun 2011/65/EB. Vinsamlegast fargaðu þessu tæki með því að fara með það á söfnunarstöð á staðnum eða endurvinnslustöð fyrir slíkan búnað.



Merkt tæki uppfyllir lið 15 í FCC-reglunum. Notkun er háð eftirfarandi skilyrðum: (1) Þetta tæki kann að valda skaðlegum truflunum, og (2) þetta tæki verður að meðtaka þær truflanir sem móttækjar eru, þar á meðal truflun sem kann að valda óæskilegri notkun.

Þessi búnaður hefur verið prófaður og uppfyllir hann takmarkanir fyrir stafrænt tæki í flokki B, í samræmi við lið 15 í FCC. Þessum takmörkunum er ætlað að veita sanngjarna vernd gegn skaðlegum truflunum í íbúðarhúsnæði. Þessi búnaður myndar, notar og leiðir fjarskiptatíðniorku og, ef hann er ekki uppsettur og notaður í samræmi við leiðbeiningarnar, kann hann að valda skaðlegum truflunum á fjarskiptum.

Ekki er hægt að tryggja að truflanirnar muni ekki eiga sér stað í ákveðinni uppsetningu. Ef þessi búnaður veldur skaðlegum truflunum á útvarps- eða sjónvarpsmóttöku, sem ganga má úr skugga með því að slökkva og kveikja á búnaðinum, er notandinn hvattur til að reyna að leysa úr truflunum með einni eða fleiri ráðstöfunum:

- Stilla eða setja móttökuloftnet á annan stað.
- Auka fjarlægð á milli búnaðar og móttakara.
- Tengja búnaðinn við innstungu sem er á annarri rafrás og móttakarinn er tengdur við.
- Leita ráða hjá söluaðila eða vönum útvarps-/sjónvarpstækni til að fá aðstoð.












Sýnir framleiðanda lækningatækisins, eins og hann er skilgreindur í tilskipun ESB 93/42/EBE.



Sýnir vörunúmer framleiðandans svo hægt sé að auðkenna lækningatækið.

Útskýring á táknum

	Sýnir kenninúmer framleiðslulotu svo að hægt sé að auðkenna framleiðslulotu.
	Sýnir mörk hitastigs sem lækningatækið þolir á öruggan máta: 14-122°F (-10-50°C)
	Sýnir mörk raka sem lækningatækið þolir á öruggan máta: 20-75%
	Sýnir mörk loftþrýstings sem lækningatækið þolir á öruggan máta: lágmark 11kPa
	Sýnir að lækningatækið þarf að vernda gegn raka.
	Sýnir að silfur-sink rafhlöður fylgja búnaðinum.
	Sýnir að rafhlöðulok fylgja búnaðinum.
	Sýnir að hleðslutæki fylgir búnaðinum.
	Sýnir að AC spennubreytir fylgir búnaðinum.

Þessi notendahandbók gildir um:

Endurhlaðanlegan búnað ZPower, þar á meðal



Rafhlöðulok (ZBDM-01)

Hleðslutæki (ZC-B01) og AC spennubreyti

Silfur-sink endurhlaðanlegar rafhlöður

1 Hvernig búnaður okkar er notaður

Til að hefjast handa skaltu stinga rafmagnssnúrunni í USB-millistykkið og í innstunguna. Þegar hann er fyrst tengdur verða bæði hleðsluljósinn græn í stuttan tíma.

Hleðsla heyrnartækja

1. Settu heyrnartækin þín á hleðslutækið

Haltu heyrnartækjunum á rörinu og settu þau í hleðsluraufina. Báðir toppar ættu að snúa að sömu hlið hleðslutækis og rafmagnssnúran, eins og sýnt er á myndinni. Þegar heyrnartækin eru á réttum stað fara bæði ljós að blikka í grænu.

2. Hinkraðu í 3-4 klukkustundir

Heyrnartækin eru að hlaðast þegar grænu ljósinn blikka. Þegar ljósinn hættu að blikka og verða stöðug græn eru heyrnartækin fullhlaðin.

3. Taktu heyrnartækin af og settu þau í þig

Þú getur tekið heyrnartækin af áður en þau eru fullhlaðin. Þannig endast þau þó ekki eins lengi og ef þau væru fullhlaðin. Best er að setja heyrnartækin í hleðslutækið þegar þú ert ekki að nota þau. Ekki er hægt að ofhlaða þau.

i Vinsamlegast tryggðu að heyrnartækin þín séu innan marka ganghita: 50-104°F (10-40°C).



Heymartæki í hleðslutæki



Hleðslutæki



Rafhlöðulok

2 Mikilvægar leiðbeiningar

Þetta hleðslutæki er ætlað að hlaða heymartæki með endurhlaðanlegum búnaði ZPower. Aðeins skal nota það með endurhlaðanlegum rafhlöðum ZPower. Þessi vara er ekki með aflrofa. Það kviknar á henni þegar þú stingur rafmagnssnúrunni í samband. USB-millistykkið uppfyllir kröfur svæðis þíns fyrir spennuinntak og tengitegund.

i ATHUGAÐU

- Þetta hleðslutæki er aðeins til notkunar innandyra.
- Ekki setja tækið þitt í öfgakennt hitastig eða mikinn raka.
- Ekki setja það í beint sólarljós.
- Ekki setja það í vatn.
- Ekki setja tækið í örbylgjuofn.



Samsetning rafhlöðu fyrir einingar



USB-snúra og -millistykki
(Ekki er víst að millistykki fylgi)

Fagaðili á sviði heyrnartækja skal koma endurhlaðanlegri einingu rafhlöðuloks fyrir á viðeigandi gerð heyrnartækis. Ef reynt er að koma rafhlöðuloki fyrir á ósamhæfu heyrnartæki getur leitt til þess að brotni í litla og/eða skarpa hluta. Aðeins skal koma rafhlöðuloki fyrir á samhæfum gerðum heyrnartækis. Lista yfir samhæfar gerðir má finna á www.zpowerhearing.com.

AÐVÖRUN

- **Köfnunarhætta.** Köfnunarhætta stafar af litlum hlutum. Geymdu heyrnartæki, rafhlöður og fylgihluti þar sem börn og gæludýr ná ekki til. Leita skal læknishjálpar ef einhverjir hlutar búnaðarins eru gleypdir.
- **Fallhætta.** Hafðu löngu rafmagnssnúruna úr gangveginum þar sem fallhætta fylgir henni.
- **Segulsvið.** Hleðslutækið inniheldur segla og ætti það að vera að minnsta kosti 6 tommum (15 cm) frá gangráðum.
- **Kyrkingarhætta.** Inniheldur langa rafmagnssnúru sem getur valdið kyrkingu ef hún er notuð á óviðeigandi hátt.
- **Hætta á meiðslum.** Ekki halda rafmagnssnúrunni og sveifla hleðslutækinu.
- **Raflost.** Hætta á raflosti vegna ósamrýmanlegra hluta. Notaðu USB-millistykkið sem fylgir hleðslutækinu.
- **Bruna- og sprengihætta.** Ekki nota í sprengifimu eða súrefnisríku andrúmslofti.
- **Inntökuhætta.** Ef seglar verða aðskilnir frá hleðslutæki má ekki setja þá í nef eða munn. Seglar sem eru gleypdir geta festis í þörmum og valdið alvarlegum meiðslum eða dauða. Leitaðu tafarlausrar læknishjálpar við inntöku eða innöndum segla.
- **Ofhitunarhætta.** Notkun óviðeigandi USB-millistykkis getur valdið því að hleðslutækið ofhitnar. Notaðu aðeins EN60950 vottaðan búnað með 5 VDC afköst, lágmark 500 mA, svo sem USB-millistykkið sem fylgir hleðslutækinu.

AÐVÖRUN

- Notaðu USB-tengið á hleðslutækinu eingöngu í yfirlýstum tilgangi.
- Ekki stinga aðeins millistykkinu í rafmagnstengi. Slíkt kann að skapa raflost.
- Notaðu aðeins búnaðinn sem lýst er í þessum leiðbeiningum til að hlaða búnaðinn þinn. Ef annar búnaður er notaður getur það orðið til þess að skemmdir verði á búnaði þínum.
- Ekki missa neinn hluta endurhlaðanlega búnaðarins á harðan flöt. Slíkt getur skemmt búnaðinn og leitt til þess að hann brotni í litla og/eða skarpa hluta.

3 Viðhald

Rétt notkun mun hjálpa til við að lengja líftíma rafhlöðunnar.

Ábendingar varðandi rafhlöðu

- Hlaða þarf rafhlöðurnar reglubundið áður en þær eru notaðar.
- Hlaða skal rafhlöðurnar við hitastig á bilinu 50°F (10°C) til 104°F (40°C).
- Ekki setja rafhlöðurnar í hleðslutækið ef hleðslutækið er ekki tengt, þá tæmast rafhlöðurnar.
- Ef þú ætlar þér ekki að nota heyrnartækin í nokkra daga þá skaltu taka rafhlöðurnar úr.
- Rafhlaðan þín ætti að endast í um það bil eitt ár. Fagaðili þinn á heyrnartækjasviði getur auðveldlega skipt um hana hvenær sem er.

Þrif


- Þrifðu þau eins og þörf krefur.
- Notaðu þurra, mjúka þurrku til að fjarlægja öll óhreinindi.
- Mjúki burstinn sem fylgir heyrnartækjunum þínum má nota til að þrífa tengin á hleðslutækinu.
- Ekki dauðhreinsa eða sótthreinsa hleðslutækið.
- Ekki þrífa það með sótthreinsandi vökva, leysiefnum eða öðrum vökva.

i Heyrnartæki og/eða rafhlöðulok getur skemmst sökum hárlakks eða snyrtivara. Ráðlagt er að taka Heyrnartækin úr eyranu áður en slíkar vörur eru notaðar.

! Ávallt skal tryggja að heyrnartækin og hleðslutækið sé þurr og hreint fyrir hleðslu.



Tryggðu að endurhlaðanlegu rafhlöðurnar séu rétt ísettar.



Notaðu þurra, mjúka þurrku til að þrífa tengin á hleðslutækinu. Mjúki burstinn sem fylgir heyrnartækjunum þínum má nota til að þrífa tengin á hleðslutækinu.

4 Bilanaleit

Hleðsluljós	Vandamál	Ráðlögð aðgerð
Ekkert ljós	Heyrnartæki er ekki rétt sett í hleðslutækið eða hleðslutækið er ekki tengt við rafmagn.	Taktu heyrnartækið úr og settu það aftur í þannig að það snúi rétt. Tryggðu að USB-snúran sé rétt tengd við USB-millistykkið. Gakktu úr skugga um að USB-millistykkið virki með því að tengja það við annað USB-tæki.
Eitt eða bæði ljós stöðug rauð	Rafhlaða hleður sig ekki.	Tryggðu að rafhlaða heyrnartækið sé endurhlaðanleg ZPower-rafhlaða.
Bæði ljós blikka rauð	Hitastig er utan marka. Hleðsla er í bið þar til hitastig er innan marka.	Færðu hleðslutækið í umhverfi á bilinu 50°F (10°C) til 104°F (40°C).
Leitaðu ráða hjá fagaðila á heyrnartækjasviði ef vandamálið er viðvarandi.		

5 Tæknilegar upplýsingar

Nákvæm skilgreining fyrir endurhlaðanlegan búnað ZPower

Ganghiti	50°F (10°C) til 104°F (40°C)
Geymsluhitastig	14°F (-10°C) til 122°F (50°C)
Raki	20% til 75%
Vernd gegn inngöngu vatns	IPX0 (hefðbundið)
Lágmarks loftþrýstingur	11 kPa
Inntaksspenna USB-millistykki	100-240V AC
Úttaksspenna USB-millistykki	5V DC
Úttaksstraumur USB-millistykki	<=1,0A
USB-millistykki	CB-vottað millistykki ZPower
Vernd gegn raflosti	Flokkur II

Frekari upplýsingar um samhæfi heyrnartækis má finna á www.zpowerhearing.com.

6 Upplýsingar varðandi samræmi

ZPower LLC lýsir því hér með yfir að þessi vara uppfyllir kröfur tilskipunar 93/42/EBE um lækningatæki. Heildartexta samræmisýfirlýsingar má fá hjá framleiðandanum eða staðbundnum fulltrúa en heimilisfang viðkomandi er að finna aftan á þessum leiðbeiningum.



Emergo Europe

Prinsessegracht 20
2514 AP The Hague
The Netherlands



ZPower, LLC

4765 Calle Quetzal,
Camarillo CA 93012
U.S.A.